



## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Borgarráð

**Sendandi:** Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

---

### **Svar við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um kostnað við bækling um uppbyggingu íbúða**

Á fundi borgarráðs þann 3. nóvember sl. var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

*Óskað er eftir upplýsingum um kostnað við bæklinginn um uppbyggingu íbúða í borginni, dags. nóvember 2022. Óskað er eftir upplýsingum um kostnað við 1. vinnu við umsjón og ritstjórn, efnis- og myndöflun, textaskrif, uppsetningavinnu, leiðréttingar, frágang og samskipti við verkkaupa, 2. hönnun og umbrot, 3. prentun og 4. dreifingu.*

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar skrifstofu borgarstjóra og borgarritara með bréfi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 4. nóvember sl.

Svar:

Með útgáfu rits um stöðu húsnæðismála í Reykjavík er verið að miðla upplýsingum um mikilvægt málefni fyrir borgarbúa. Byggt er á tölulegum upplýsingum og áherslum borgarinnar í Húsnæðisáætlun Reykjavíkur og hvernig verið er að mæta áskorunum á húsnæðismarkaði. Í húsnæðisáætluninni eru sett fram töluleg markmið um fjölda íbúða sem þurfa að fara í uppbyggingu til lengri og skemmri tíma. Helstu byggingarsvæðin í borginni eru skilgreind í húsnæðisáætlun og í upplýsingaritinu er varpað ljósi á hvernig þeirri uppbyggingu miðar. Sérstaklega er dregið fram hvernig Reykjavíkurborg beitir sér fyrir uppbyggingu í samvinnu við húsnæðissamvinnufélög, verkalyðshreyfinguna, samtök eldri borgara, námsmenn og eigin leigufélag borgarinnar, Félagsbústaði.

Reykjavíkurborg hefur um árabíl leitast við að greina stöðuna á húsnæðismarkaðnum og hverjar búsetuóskir íbúa borgarinnar, höfuðborgarsvæðisins og landsbyggðarinnar eru enda ríkir samkeppni á milli sveitarfélaga landsins um íbúa. Kannanir sem Reykjavíkurborg hefur látið framkvæma á búsetuóskum hafa jafnan sýnt að íbúar nágrannasveitarfélaga og landsbyggðarinnar hafa áhuga á að búa í höfuðborginni.

Allt eru þetta upplýsingar sem eiga erindi til borgarbúa og verður ekki síður ljóst ef málin eru sett í samhengi við núverandi stöðu. Uppfærð Húsnæðisáætlun haustið 2022 telur yfir 26.000 íbúðir en til samanburðar er heildarfjöldi íbúðaeininga yfir 58.000 í borginni í dag.

Upplýsingaritið var unnið af almannatengslafyrirtækinu Athygli ehf. sem hefur undanfarin ár unnið að samskonar riti. Ákvörðun um útgáfuna er tekin á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara. Ritform ehf. sá um hönnun og umbrot.



Í ritstjórn sátu starfsmenn Umhverfis- og skipulagssviðs, og skrifstofu borgarstjóra og borgarritara. Vinna starfsmanna borgarinnar fólst í að leggja línur um efnistöð, sem og að yfirfara upplýsingar um stöðu einstakra verkefna.

Upplag ritsins var 60.500 eintök. Stærð blaðs 64 bls., A4 í 4+4 lit, prentað á FSC og PEFC vottaðan pappír.

Kostnaður við gerð ritsins var krónur. 13.322.240 fyrir utan virðisaukaskatt og skiptist hann á eftirfarandi hátt:

1. Vinna Athygli var samtals 4.950.000 kr. án vsk. Undir þessum lið er umsjón og ritstjórn, efnis- og myndöflun, textaskrif, uppsetningarvinna með umbrotsmanni, leiðréttingar, frágangur og fundir/samskipti við verkkaupa og aðra.
2. Ritform ehf. sá um hönnun og umbrot. Samtals 1.605.000 kr.
3. Prentun á 60.500 eintökum skv. tilboði frá Ísafold prentsmiðju. Samtals 4.403.900 kr.
4. Dreifing á höfuðborgarsvæðinu skv. tilboði Póstdreifingar. Samtals 2.363.340 kr.

Ekki var farið í útboðsferli fyrir einstaka liði enda fóru þeir ekki yfir viðmið um útboð og verðfyrirspurn.

Þorsteinn Gunnarsson  
borgarritari